

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 31. ágúst 2016

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun fjármagnshafta). 826. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreint frumvarp. Frumvarpið er liður í áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta. Verið er að losa fjármagnshöft á heimili og fyrirtæki í varfærunum áföngum með efnahagslegan stöðugleika og almannahag að leiðarljósi.

SA fagna þeim skrefum til losunar fjármagnshafta sem hér eru tekin þó varfærin séu og hvetur Alþingi til að lögfesta frumvarpið. Fyrsta skrefið af þremur er stigið núna, annað skrefið um áramótin en síðasta og mikilvægasta skrefið (full losun) er ekki tímasett.

Með frumvarpinu er verið að losa um útlæðishöft, en enn eru við lýði innflæðishöft. Mikilvægt er að skapa skilyrði til að losa um þau höft einnig. Öll höft hafa neikvæð áhrif á efnahag landsins.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að full losun fjármagnshafta sé „háð því að eignasöfn hafi aðlagast æskilegri samsetningu innlendra og erlendra eigna...stjórnvöld fái svigrúm til að þróa viðeigandi varúðartæki og ná betri yfirsýn yfir fjármálakerfið“. Ekki kemur fram hvenær megi ætla að það gerist. SA telja mikilvægt að lokaskrefið í losunarferlinu sé tímasett líkt og hin tvö fyrri. Með því er dregið úr óvissu, fyrirtæki og fjárfestar búi við fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi og að stjórnvöld viti til hvers löggjafinn ætlast. Fremur ætti að vera ákvæði þess efnis að hægt sé að fresta fullri losun ef efnahagslegar aðstæður breytast enda sé gerð rækileg grein fyrir ástæðum þess.

Rúmur gjaldeyrisforði, vaxtamunur við útlönd í sögulegum hæðum, stöðugleiki, lág verðbólga og jákvæðar efnahagshorfur gefa ekki tilefni til verulegs útlæðis gjaldeyris. Allt eins er líklegt að innflæði gjaldeyris muni aukast eins og bein erlend fjárfesting erlendra aðila hér á landi. Losunarferlið ætti því að geta gengið hratt fyrir sig.

Bein erlend fjárfesting innlendra aðila verður ótakmörkuð en háð staðfestingu Seðlabankans. SA telja mikilvægt að Seðlabankinn taki ekki upp flókið kerfi með tímafreka úrvinnslu. Ferlið verði einfalt, skilvirkt og gagnsætt.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins.



Halldór Árnason